

Djúpavogi, 06. 08. 2019.

Skipulags-, framkvæmda- og umhverfisnefnd, formaður, Kári Snær Valtingoer,
sveitarstjóri, Gauti Jóhannsson,
skipulagsfulltrúi, Páll Líndal,
byggingarfulltrúi, Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson.

Ég, íbúi í þessu litla og opna samfélagi vil gera athugasemdir og senda inn fyrirspurnir til; Skipulags-, framkvæmda- og umhverfisnefndar, sveitarstjórnar, skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa um viðbyggingu við frystihús Búlandstinds, Bakka 4.

Nú er verið að byggja við frystihúsið hér. Ég get ekki betur séð en að þetta sé gert án umræðu og kynningar. Þegar ég las síðustu fundargerð sveitarstjórnar (11. Júlí, 2019) sá ég fundargerð Skipulags-, framkvæmda- og umhverfismálanefndar frá 4. Júlí 2019. Þar er smá bókun um viðbyggingar við Búlandstind: *SFU gerir ekki athugasemdir við byggingaráformin að öðru leyti en að klæðning sé eins og á núverandi húsi og á viðbyggingu þ.e. liggjandi en ekki standandi eins og teikningar sýna. SFU áréttar einnig að fullnægjandi gögnum er þarf til framkvæmdar verði skilað.*

Það var þegar ég las þetta sem ég hrökk við, ég á nefnilega mjög erfitt með að sætta mig við liggjandi járnklæðningar, þá sérstaklega bárujárn. Þetta eru kannski ekki stórar byggingar en eru á áberandi stað og í raun tækifæri til að breyta ásýnd frystihússins til framtíðar. Ég vil benda á byggingarnar sundlaugina og íþróttahúsið. Þar eru þrjár byggingar og lítil tengibygging ef horft er frá Geysi eða fyrirverandi þvottaplani. Þessar byggingar eru allar með mismunandi áferð, lit og klæðningar. Ef þessar byggingar væru allar eins „klæddar“ og í sama lit. Hvað þætti okkur þá? Síðan í framhaldi má líta á frystihúsið og ímynda sér það í fleirum en einum lit.

Er ekki sjálfsgagt að íbúum séu kynntar svona hugmyndir og jafnvel gefinn kostur á að segja skoðun sína á þeim í þessu samhengi þar sem um miðbæinn okkar er að ræða?

Frystihúsið er stærsta byggingin í byggðalaginu og fjölmennasti vinnustaðurinn. Það á ekki að vera eina viðmiðið að byggingin þjóni aðeins þeim eina tilgangi að hýsa starfsemi. Við höfum lifað á útgerð og eigum að vera stolt af því. Byggingar í miðbænum ættu að bera þess merki að þær séu byggðar af alúð fyrir umhverfinu og þá manningum sem vinnur þar sem og gestum. Einnig er frystihúsið „bakgrunnur“ gömlu húsanna Löngubúðar og Faktorshússins.

Sveitarfélagið lagði á sig mikla vinnu við að komast inn í Verndarsvæði í byggð, (Verndarsvæðið við voginn) og var stolt af því að vera fyrsta sveitarfélagið sem náði því markmiði. Afmarkað verndarsvæði nær m.a. næstum því að frystihúsinu. Þannig að gafl frystihússins er við mörk verndarsvæðisins, það þarf engan sérfræðing til að segja okkur það að sá gafl er ekki nein sérsök bæjarprýði í þessu samhengi.

Ég vil leyfa mér að gagnrýna þau vinnubrögð sem mér sýnist hafa verið viðhöfð við hönnun og meðferð á þessum viðbyggingum. Ég er ekki fróður um skipulagsmál eða regluverk um byggingar en ég trúi ekki að þetta séu eðlileg vinnubrögð. Ég var spurður álits í formlegri grenndarkynningu áður en nágrenni minn ætlaði að byggja bílskúr. Á ekkert svoleiðis við í þessu samhengi?

Ég hélt að með íbúafundum og opinni umræðu hefðum við komið okkur út úr þeim vinnubrögðum að hagsmunaaðilar og fyrirtæki stjórn skipulagi bæjarins. Það hefur ekki alltaf tekist vel eins og við höfum óþarflega mörg dæmi um. Verndarsvæði í byggð hefur líka sett okkur skilyrði um vönduð vinnubrögð í meðferð skipulagsins á svæðinu. Miðbærinn og stór fyrirtæki eru ekki einkamál, þetta er samfélagsmál og kemur öllum íbúum og jafnvel gestum við.

Eins og ég les bókun SFU, lítur út fyrir að ekki sé búið að skila inn þeim gögnum sem þarf til að gefa út byggingarleyfi. Er það ekki nauðsynlegt áður en framkvæmdir hefjast? En ég áréttu að ég er enginn sérfræðingur um regluverk. Það getur einnig verið að þessar opnu fundargerðir séu ekki nægilegar skýrar?

Stundum er ég að velta því fyrir mér hvort að sveitarstjórnin hafi gefist upp í vinnu við skipulag og framtíðarhugmyndir og sé að bíða eftir að sveitarfélagið verði stærra og aðrir komi til að taka til?

Það var held ég núna í vor viðtal eða viðtöl við fólk hér sem sagði að stefnt væri að því að Djúpvogur yrði glaðasti bæri í heimi... sem er auðvitað flott. Ég er kannski alltof upptekinn af útliti og umhverfi og veit að það sem mér finnst fallett eða vel heppnað er oft ekki það sama og öðrum finnst. Ég geri mér fulla grein fyrir því og að mínu mati er það einmitt það sem málið snýst um að fólk fái að segja skoðun sína á málum og málefnum. Því spyr ég hvar eru allar fínu hugmyndirnar og hvar er umræðan um miðbæinn okkar? Ég veit að við erum lítið samfélag og efnahagur ekki eins og í stórborgum. En við getum samt vandað það sem við gerum og gert af metnaði og stolti. Ég minni líka á að bygging sem byggð er í dag getur staðið óbreytt í um 50 ár eða meira. Er það ekki ágætt að hafa það í huga þegar verið er að hanna og skipuleggja. Nokkurra daga vinna og kynningarferli er ekki langur tími í því samhengi.

Ég leyfi mér í framhaldi af þessu að bera hér á torg áhyggjur mínar af Vogshúsinu, sem áætlað er að viðbragðsaðilar fari í með starfsemi sína. Þar er mikil vinna framundan við að klæða húsið og aðlaga að nýju hlutverki. Því spyr ég, verður það kannski gert upp án þess að íbúar fái að segja álit sitt á því? Það þarf að vinna vel að hönnun þessa húss. Það er eitt stærsta hús og þar með ásjón í kjarna bæjarins. Ég vona að sveitarfélagið sjái sér fært að fá góða/n, hönnuð/arkitekt að verkinu og hugsi málið aðeins lengra en tímann sem það tekur að klæða húsið.

Það hefur verið unnið mikil vinna í skipulagi miðbæjarins sem náði kannski hápunkti með íbúafundi þar sem hægt var að sjá og upplifa framtíðarhugmyndir um miðbæinn og verndarsvæðið í þrívídd. Ég læt fylgja afrit af heimasíðu hreppsins undir; Sýndarveruleiki, forsíðu verkefnisins:

DJÚPIVOGUR FRAMTÍÐARINNAR

Um nokkurt skeið hefur verið unnið að því að móta framtíðarsýn fyrir miðbæjarsvæðið á Djúpvogi í deiliskipulagsverkefni sem ber vinnuheitið "Íbúar í forgrunni - gestir velkomnir". Áherslur þeirrar framtíðarsýnar eru fyrst og síðast mannvæn stefna í anda Cittaslow, þar sem fólk og sjálfbær þróun er sett í fyrsta sætið. Lögð er áhersla á fjölbreytileika innan svæðis, heildstæða ásjón byggðar, tengsl við náttúru og menningu og aðskilnað gangandi og akandi umferðar en sýnt hefur verið fram á mikilvægi allra þessara þátta þegar kemur að því að skapa uppbyggilegt og heilbriggt umhverfi.

Myndbandið sýnir stöðu mála eftir fund með íbúum þann 11. maí 2018, en á þeim fundi var fundargestum boðið upp á að upplifa Djúpvog framtíðarinnar í tölvugerðum og gagnvirkum sýndarveruleika. Skipulagsvinnunni vindur áfram enda nauðsynlegt að skýr stefna liggja fyrir um þennan mikilvæga kjarna í þéttbýlinu.

Verkefnið er samstarfsverkefni Djúpvogshrepps, Háskólans í Reykjavík og TGJ.

Með óskum um skrifleg svör.

Virðingarfyllst.

Þór Vigfússon, Sólhól